

Nd.

228. Nefndarálit

um frv. til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

Frá fjárhagsnefndinni.

Nefndin er sammála um að ráða hv. deild til að láta frumvarp þetta ná fram að ganga, með breytingu þeirri, sem að neðan getur. Í fjárlagafrv. því, sem landsstjórnin hefir lagt fyrir Alþingi fyrir árin 1918 og 1919, er tollur þessi áætlaður bæði árin, þótt frumv. um framlenging á gildi þessara laga (sem rennur út við lok þessa árs) komi nú fyrst frá ráðuneytinu. Einnig verður landssjóður nú að halda öllum þeim tekjum, sem kleift er að halda í.

Nefndin vill eigi, að ráðist sje í neinar verulegar breytingar á vörutollslögunum á þessu þingi, enda margir þeirrar skoðunar, að toll-löggjöf vor yfirleitt þurfi gagngerðra endurbóta, er til frambúðar megi verða, þegar nokkurn veginn eðlilegt ástand er aftur orðið rikjandi í viðskiftum. Þótti rjett að láta þá ákvörðun halda sjer, sem fyrri þing hafa gert um þessi lög, að framlenging þeirra gildi fyrir fjárhagstímabilið, er í hönd fer, og leggur nefndin því til, að á frumv. verði gerð þessi

BREYTING:

Í stað orðanna »þangað til öðru vísi verður ákveðið« í 1. gr. frv. komi: fyrst um sinn til ársloka 1919.

Alþingi, 30. júlí 1917.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari og framsögum.

Þórarinn Jónsson.

Hákon J. Kristófersson.

Þorsteinn M. Jónsson.